

A 1801/præsídiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

þingmannatillögu um að gera skýra grein fyrir norrænu notagildi í þingmannatillögum frá Norðurlandaráði**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að allar þingmanna-, forsætisnefndar- og nefndartillögur feli í sér greinilega lýsingu á samnorrænu notagildi sem tillögunni er ætlað að hafa

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna lagði til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að allar þingmannatillögur sem lagðar eru fram feli í sér greinilega lýsingu á samnorrænu notagildi sem þeim er ætlað að hafa

Þingmannatillagan var tekin til fyrstu umræðu á þingfundi á þemaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 9. apríl 2019. Tillagan var tekin til umræðu í forsætisnefnd 26. júní, 3. september og 29. október 2019.

Álit forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin vekur athygli á að 47. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs kveði á um að öll mál skuli flutt skriflega og innihalda ákvörðunartillögu áður en ákvörðun í þeim er tekin. Auk þess bendir forsætisnefndin á að samkvæmt 19. gr. beri að fjalla um hvert mál í forsætisnefnd, fagnefnd eða eftirlitsnefnd áður en það kemur til lokaafgreiðslu á þingfundi.

Þá vísar forsætisnefndin til 49. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs um að nefnd sem fjallar um ákveðið mál semji nefndarálit með rökstuddri tillögu að ákvörðun þeirrar nefndar sem annast lokaafgreiðslu málsins. Loks tekur forsætisnefndin fram að samkvæmt 3. gr. starfsreglnanna fari þingfundur Norðurlandaráðs með æðsta ákvörðunarvaldið í ráðinu, sbr. 19. gr., auk þess sem þingfundur geti samþykkt tilmæli á grundvelli nefndarálits um tillögur.



Forsætisnefndin ályktar að þegar öllu er á botninn hvolft sé það þingfundar að ákveða hvort tillaga feli í sér norrænt notagildi. Lýðræðislegur meirihluti þings Norðurlandaráðs ráði úrslitum um hvort tillaga hafi norrænt notagildi eða ekki.

Forsætisnefndin ályktar auk þess að vald þingfundar til að ákveða hvort tillaga hafi norrænt notagildi eða ekki verði hvorki takmarkað né rýrt. Enda þótt gerð yrði grein fyrir hugsanlegu norrænu notagildi í tillögu að málum, sem nefndir ráðsins kynnu eftir atvikum að styðja í nefndarálitum um tillöguna, gæti þingfundur hafnað nefndarálitinu og þar með norrænu notagildi tillögunnar.

Að þessu sögðu er það þó álit forsætisnefndarinnar að ýmsir kostir séu því samfara að bæta kafla sem nefnist Norrænt notagildi við þingmanna-, forsætisnefndar- og nefndartillögur, sem lagðar eru fram á vettvangi Norðurlandaráðs, og að í þeim kafla verði greinilega lýst hvernig viðkomandi tillögu er ætlað að hafa slíkt notagildi í samræmi við skilgreiningu forsætisnefndarinnar. Þess háttar vinnubrögð eru að mati forsætisnefndarinnar til þess fallin að skýra og leggja áherslu á mikilvægi tillagnanna fyrir Norðurlandabúa og umheiminn.

Skilgreining forsætisnefndar á norrænu notagildi er eftirfarandi:

- Að sameiginlegar norrænar lausnir hafi mun meiri jákvæð áhrif en sömu aðgerðir í hverju landi fyrir sig.
- Að efla og þróa norræna samkennd.
- Að auka norræna hæfni og samkeppnishæfni.
- Að stuðla að auknum hreyfanleika íbúa og fyrirtækja innan Norðurlanda.
- Að efla norræn áhrif á alþjóðavettvangi.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Annette Lind (S)
Bertel Haarder (V)
Christian Juhl (EL)
Gunilla Carlsson (S)
Hans Wallmark (M)
Heidi Greni (Sp)
Jorodd Asphjell (A)

Linda Modig (C)
Lulu Ranne (saf)
Michael Tetzschner (H)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)
Wille Rydman (saml)